

# Orðafar Íslendinga sagna

## 1. Inngangur

Sumarið 1996 kom út á geisladiski *Orðstöðulykill Íslendinga sagna*, sem ég smíðaði í félagi við Bergljótu Kristjánsdóttur, Guðrúnu Ingólfssdóttur, Örnólf Thorsson og fleiri.<sup>1</sup> Þessi lykill byggist á útgáfu Svarts á hvítu á *Íslendinga sögum* (í tveim bindum 1985-86; í þrem bindum 1987) og tekur til allra texta sem þar eru prentaðir, að undanskildum *Íslendinga þáttum*. Einnig er öllum vísnum sleppt, og auk þess seinni tíma eyðufyllingum (t.d. uppskrift þeirri sem Jón Ólafsson úr Grunnavík gerði eftir minni af upphafi *Heiðarvíga sögu*). Smávægilegar lagfæringar voru gerðar á textanum; einkum til að leiðrétta augljósar villur, en einnig til samræmis. Þó verður að leggja áherslu á að hér er um að ræða lykil að þessari útgáfu, með þeim kostum og göllum sem hún hefur, en ekki lykil að bókmenntagreininni Íslendingasögum. Þrátt fyrir það eru aðstandendur lykilsins þess fullvissir að hann eigi eftir að verða að ómetanlegu liði við rannsóknir á máli, bókmenntum, menningu og þjóðfélagi Íslendinga að fornu. Þegar hafa ýmsar tölfræðilegar upplýsingar verið unnar upp úr textanum, s.s. tölur um tíðni einstakra orða í textanum öllum og einstökum sögum, orðafjölda sagna, tíðni orðflokka o.s.frv. Sumt af því hefur þegar verið birt (sjá einkum Eirík Rögnvaldsson 1990, 1995, 1996; Örnólf Thorsson 1993; Bergljótu Kristjánsdóttur, Eirík Rögnvaldsson, Guðrúnu Ingólfssdóttur og Örnólf Thorsson 1996). Margt bíður þó enn frekari úrvinnslu.<sup>2</sup>

Áður en lengra er haldið er rétt að líta á sýnishorn úr orðstöðulyklinum:

(1) **gabb hk**; gabb (2); gabbi (1)

Grett 21;987 morguninn og gerðu af þessu hið mesta **gabb**. Fór Þorkell sjálfur til híðsins

Grett 36;1012 Gerði Þorbjörn að þessu hið mesta **gabb**. Margir tóku undir að þetta væri

Harð 13;1266 Hann reiddist þá hvorutveggja **gabbi** þeirra enda missa feldinn, þrífur hann

**gabba so**; gabba (2); gabbað (2); gabbaðir (1); göbbuðu (1)

VígGl 3;1909 Hreiðars sakir og engum skal hlýða að **gabba** hann og nú skal hann eigi Hrúga heita

FlóaV 34;773 hafa menn það mjög plagað hér til að **gabba** mig. En svo hæðilegur og gamall sem

Fljót 13;698 harmkvæli nokkur. Þeir hafa okkur mjög **gabbað**." Grímur svarar: "Aldrei geri eg

HænsÞ 12;1430 hinn reiðasti og þykir honum þeir hafa **gabbað** sig. En þeir ríða nú fyrst á

Þorhv 6;2056 vita hverju er þú vilt bæta mér er þú **gabbaðir** skyrbjúg minn í hafi og hlóst að mér

Harð 13;1266 hélt á sverði. Þeir hlógu þá fast og **göbbuðu** hann og sögðu að landi hefði ei fast

**gaddhjalt hk**; gaddhjalt (1)

<sup>1</sup>Orðstöðulykillinn var að verulegu leyti unninn fyrir styrk úr Vísindasjóði. Auk ritstjórnanna fjögurra unnu Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Hermína Gunnþórsdóttir að yfirlestri. Axel V. Gunnlaugsson sá um tölvuvinnslu geisladisksins, en Mál og menning gaf diskinn út.

<sup>2</sup>Vísindasjóður styrkti um nokkurra ára skeið vinnu við gagnabanka um orðafar Íslendinga sagna, og unnu Guðrún Ingólfssdóttir og Bergljót Kristjánsdóttir mest að því verki (sjá Guðrúnu Ingólfssdóttur 1995). Sú greiningarvinna sem þar hefur farið fram gerir m.a. mögulegt að sjá tíðni einstakra málfræðilegra þátta, s.s. kynja og falla, og bera saman við nútímamál. Ég hef lagt nokkur drög að slíkum samanburði, og þar hefur m.a. komið í ljós að hlutfallsleg tíðni nefnifalls og eignarfalls er nokkuð svipuð í Íslendinga sögum og nútímamáli; þolfall er aftur á móti u.þ.b. tvöfalt algengara en þágufall að fornu, en tíðni þessara tveggja falla er nokkurn veginn sú sama í nútímamáli (sjá Jörgen Pind, Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991).

GísIL 27;952 að leggja neðan í smáparma Eyjólfis. En **gaddhjalt** var á sverðinu og gáði hún eigi þess

**gaddur kk**; gadda (1); gaddurinn (1)

Njála 158;344 mart við frú eina ríka og var mjög í **gadda** slegið að hann mundi fá hennar og

GísIL 27;952 sverðinu og gáði hún eigi þess og nam **gaddurinn** við borðinu og ber lagið neðar en hún

Hér sést að uppflettiorðum er raðað í stafrófsröð, og á eftir uppflettimyndinni eru þær beygingarmyndir orðsins sem fyrir koma í sögunum taldar upp í stafrófsröð, og tíðni hverrar myndar kemur fram. Síðan koma öll dæmin um hverja orðmynd, einnig í stafrófsröð orðmyndanna. Hvert dæmi fær eina línu, þar sem lykilorðið er feitletrað nálægt miðri línu, og nánasta samhengi þess kemur einnig fram. Sé fleiri en eitt dæmi um hverja orðmynd er þeim raðað í stafrófsröð þess sem á eftir kemur, eins og sést í (1).

Í vinnu minni að orðstöðulyklinum undanfarin ár hef ég tekið eftir fjölmörgum atriðum í orðafari Íslendinga sagna sem mér hafa þótt forvitnileg. Mörg eru þau atriði þess eðlis að þau dyljast venjulegum lesanda, sem les texta sagnanna í samhengi. Sá sem les þess í stað einstakar línur rifnar úr samhengi, þar sem öll dæmin um tiltekna orðmynd birtast ásamt nánasta umhverfi sínu, kemur hins vegar auga á ýmiss konar mynstur í textanum, sem áður voru hulin. Þetta er auðvitað vel þekkt, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun (Clear 1987:41):

Simply the presentation of keywords in a KWIC format concordance brings out patterns in the text data which are then immediately obvious to the lexicographer but which would otherwise easily pass unnoticed.

Auðvelt er að sjá hvort einhverjir sameiginlegir þættir einkenna umhverfi einhvers orðs, t.d. hvort einhverju nafnorði fylgir alltaf sama lýsingarorð, eða einhverju lýsingarorði sama atviksorð. Með þessari uppsetningu má einnig mjög oft sjá líkindi í orðafari milli einstakra sagna; sömu orðarunurnar koma oft fyrir á fleiri en einum stað. Þá kann vitaskuld að vera hægt að færa rök fyrir rittengslum milli sagna, en einnig er oft hugsanlegt að um sé að ræða föst orðasambönd eða orðastæður sem margir höfundar, eða e.t.v. flestir málnotendur, hafi haft á valdi sínu og getað gripið til.

Í þessari grein ætla ég að að bregða nokkru ljósi á það hvernig Orðstöðulykill Íslendinga sagna getur gagnast fræðimönnum við mállýsingu — en jafnframt aukið á vanda þeirra. Ég tek dæmi um orð sem standa oft saman, og held því fram að slíkar orðastæður séu a.m.k. stundum málfræðilega áhugaverðar, og eigi skilið að vera nefndar í orðabókum. Ég tek einnig dæmi um ýmis orð sem aðeins koma fyrir í ákveðnu samhengi, og kemst að þeirri niðurstöðu að enda þótt slík þrenging notkunarviðs geti oft stafað af eðli textanna þá sé hún líka oft málfræðilega áhugaverð, og eigi sömuleiðis erindi inn í orðabækur. Jafnframt vek ég athygli á þeirri þversögn að nákvæm lýsing þarf ekki að vera réttari en almenn; sú nákvæmari á það á hættu að verða of nákvæm.

Meginniðurstaðan er sú að notkun textasafns og orðstöðulykils geri fræðimönnum kleift að fá mun betri yfirsýn yfir ýmsa þætti málsins, og setja fram mun nákvæmari lýsingu en áður á einstökum atriðum; en jafnframt þurfi fræðimenn að gæta sín vel á því að oftúlka ekki þau mynstur sem koma í ljós.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup>Flest af því sem hér fer á eftir hefur áður komið fram í erindum sem ég hef flutt; í Kennaraháskóla Íslands í mars 1994, á norrænni orðabókaráðstefnu í Reykjavík í júní 1995, á semínari í Kaupmannahöfn í febrúar 1996 og öðru í Þrándheimi í apríl 1996. Erindin frá Reykjavík og Kaupmannahöfn hafa verið prentuð í breyttri mynd (Eiríkur Rögnvaldsson 1995, 1996).

## 2. Gerð orðabókarlýsingar

Gerð orðabókarlýsingar fyrir eldri málstig er vitaskuld talsvert ólík orðabókarlýsingu fyrir lifandi mál. Þegar fengist er við eldri málstig eru varðveittir textar það eina sem lýsandinn hefur í höndunum; ekki er hægt að byggja á eigin máltilfinningu eða spyrja málhafa. Orðabókarlýsingin hlýtur þá að verða byggð á textasafni; um annað er ekki að ræða. Hins vegar koma mismunandi aðferðir auðvitað fram í því hvort byggt er á orðtöku og seðlasafni, eins og áður var gert, eða hvort heilu textarnir eru hafðir undir þegar lýsingin er samin. Hér skal ég aðeins nefna tvö atriði.

Í fyrsta lagi getur merkingarlýsing orðið nákvæmari, einkum lýsing algengra orða, þar sem aðeins hluti dæma er skráður á seðla við hefðbundna orðtöku. Auðveldara er að raða merkingartilbrigðum eftir mikilvægi, og betra að koma auga á fíngerð merkingarblæbrigði. Í öðru lagi er auðveldara að koma auga á hvers kyns orðatengsl og mynstur í orðafari, og meiri líkur á að slíkt rati inn í orðabækur. Um þetta má m.a. vísa í höfunda COBUILD-orðabókarinnar ensku (Sinclair 1987:109-110):

*a* In nearly every case, a structural pattern seemed to be associated with a sense. Despite the broad range of material in the corpus, when the instances were sorted into 'senses', a recurrent pattern emerged. [...] the emergence of a pattern was often a pleasant surprise. The pattern was rarely if ever found in every instance unless it was a marginal sense with very few citations. But in the vast majority of cases, the compiler, in choosing typical instances, had little doubt about the kind of syntactic pattern that would have to be featured.

*b* In a large number of cases — including most of the common meanings of the common words — the sense and the phraseology seemed to have a closer relationship than that in *a*. There was not just a typical syntax, but a typical pattern of lexical collocation as well, and a distribution of meaning across a number of words. Instead of the normal assumption that meaning is a property of the word, except in a number of idiomatic phrases, it was clear that in these central patterns of English the meaning was only created by choosing two or more words simultaneously and disposing them according to fairly precise rules of position.

Þegar þessi atriði eru skoðuð verður þó alltaf að hafa í huga að rithefðin virðist hafa verið mjög sterk. Íslendinga sögur eru flestar taldar ritaðir á 13. og 14. öld, eins og kunnugt er, en segja frá atburðum á 9., 10. og fram á 11. öld. Það er því ljóst að þær byggjast að einhverju leyti á munnmælum, og enda þótt menn deili um að hversu miklu leyti sögurnar hafi verið til áður en þær voru skrifaðar er ljóst að þetta mótar orðafar og orðanotkun á ýmsan hátt.

Það er því oft á tíðum mjög erfitt að meta gildi vitnisburðar textanna. Þau dæmi sem finnast um tiltekið orð í textunum þurfa alls ekki að vera dæmigerð um notkun þess orðs að fornu — um það getum við ekki sagt. Spurningin er þá hvað við leyfum okkur að álykta um notkun og merkingu orðsins, umfram það sem bein dæmi eru um. Hvaða ályktanir er leyfilegt að draga af þögn textanna?

Hér kemur annað til sem flækir málið enn meira. Eins og menn kannast við er því oft haldið fram að íslenska hafi lítið sem ekkert breyst frá fornu máli til nútíma. Þetta er vissulega ofmælt, en hitt er auðvitað rétt að bæði orðaforði fornmáls og beygingarkerfið hefur varðveist að miklu leyti; og þess vegna eiga nútíma Íslendingar tiltölulega auðvelt með að lesa forna texta, a.m.k. frásagnartexta. En þetta felur í sér þá hættu að við gefum okkur án umhugsunar að orð sem við finnum í fornum texta, og þekkjum úr okkar eigin máli, merki hið sama í forna textanum og hagi sér eins bæði beygingarlega og setningarlega. Þess vegna hættir okkur til að fullyrða eitthvað sem strangt tekið á sér ekki stoð í textunum; og reynist við nánari skoðun stundum rangt.

Dæmi um þetta er orðið *skipverji*. Í nútímamáli er merking þess sú sem segir í (2a), samkvæmt orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–24). Merkingarlýsingin í (2b), úr orðabók Fritznars (1954), er aftur á móti nokkuð frábrugðin:

- (2) a *skipverji* ... m. en af Besætningen paa et Skib; Matros ...  
b *skipveri*, m. Mand som er sammen med en (*e-s*) paa et Fartøi ...

Í *Íslendinga sögum* eru 46 dæmi um þetta orð. Þegar þau eru skoðuð kemur í ljós að í þeim nær öllum er talað um *skipverja sína*, *skipverja hans* o.s.frv. Þetta samræmist vel skilgreiningu Fritznars í (2b). Í fornmáli hagar orðið sér því svipað og t.d. *liðsmaður*, sem ekki stendur sjálfstætt, heldur verður að vera *liðsmaður einhvers*. Í nútímamáli hefur *skipverji* hins vegar fengið almennari merkingu, en væntanlega taka fæstir nútímalesendur eftir muninum þegar þeir lesa textann. Hægt er að finna mikinn fjölda hliðstæðra dæma.

### 3. Orðastæður

Það mikilvægasta sem hefur komið í ljós við notkun orðstöðulykilsins og varðar orðabókagerð er án efa hinn mikli fjöldi hvers kyns orðtengsla eða orðastæðna (collocations) sem fyrirfinnst í fornu máli (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993, 1995, 1996). Í helstu orðabók fornmálsins, orðabók Fritznars, er lítið minnst á slík orðtengsl. Vissulega koma þau oft fram í dæmum, en þeirra er ekki getið sérstaklega, þannig að notandinn veit yfirleitt ekki hversu dæmigerð dæmin eru.

Þegar við förum að vinna við *Orðstöðulykil Íslendinga sagna* var eitt af því fyrsta sem við tókum eftir hversu gífurlega algengt það var að sömu orðarunurnar kæmu fyrir hvað eftir annað. Þetta getur vissulega oft verið vegna þess að ein saga taki upp eftir annarri, og er þá auðvitað ekki málfraðilega forvitnilegt. Einnig verður að hafa í huga hversu söguefnið er einhæft (“Bændur flugust á”, sagði Jón úr Grunnavík), og því oft eðlilegt að sams konar hlutum og atburðum sé lýst með sama eða svipuðu orðalagi. En orðatengslin eru miklu víðtækari og fjölbreyttari en svo. Um það má taka mörg dæmi, og ég hef reynt að velja hér nokkur mismunandi.

Eitt dæmi sem við höfum oft vitnað til (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1995) er notkun atviksorðanna *alldjarflega* og *alldrengilega*. Skilgreiningar Fritznars, sem og öll dæmin um þessi orð í *Íslendinga sögum*, er að finna í (3) og (4). Augljóst er að í nær öllum dæmunum stendur *alldjarflega* með sögninni *berjast*, en *alldrengilega* stendur nær alltaf með *verjast*.

- (3) *alldjarfliga*, adv. med stor Dristighed eller megen Iver for at trænge sig frem ...

#### **alldjarflega** ao; alldjarflega (8)

- Þórð 13;2043 Síðan ganga þeir saman og berjast **alldjarflega**. Fann Þórður það brátt að Sörli var  
Eyrb 62;616 menn til varnar og barðist sjálfur **alldjarflega**. Hann gekk mjög út á virkið er hann  
ÞorSH 2;2062 koma milli klæða sér og barðist þá **alldjarflega**. Litlu síðar heyrðu þeir mælt í  
Grett 2;955 fram þá hélt ekki við. Þórir barðist **alldjarflega** og féll á skipi sínu með mikilli  
Þórð 11;2039 öðrum stór sár. Steingrímur barðist **alldjarflega** og varð fjögurra manna bani. Skiptist  
Grett 4;957 af skipunum. Víkingar lögðu að **alldjarflega** og þóttu hinir komnir í stilli.  
Gullþ 15;1136 manna. Þá kom Gunnar að og barðist **alldjarflega**. Þórir bað sína menn hlífa sér og gæta  
Gullþ 12;1131 við túngarð í Rauðsdal og börðust **alldjarflega** því að Rauður var frækn maður. En svo

- (4) *alldrengiliga*, adv. paa saadan Maade, at man derved viser *mikinn drengskap*.  
*drengskapr*, m. Tænkemaade, Opførsel, der gjør en til et saadant Menneske, som han bør være.

**alldrengilega ao;** alldrengilega (7); alldrengilega (1)

Gullþ	20;1142	hvortveggi mjög sár. Þorgils varðist <b>alldrengilega</b> en féll þó fyrir þeim Gunnari og Grími.
HallM	4;1199	að og sækja að þeim en þeir verjast <b>alldrengilega</b> . En þó kom þar sem mælt er að ekki má
Gullþ	8;1127	Hyrningur Hallsson kom heim og segir <b>alldrengilega</b> frá för þeirra Þóris. Hallur
Kjaln	16;1457	Kolfinnur hjó hart og tíðum og sótti <b>alldrengilega</b> . Hjóst þá allmjög skjöldur Búa. En er
Gullþ	13;1132	hjalla einum. Varðist Þorbjörn þaðan <b>alldrengilega</b> með stokkinum því að vopn hans höfðu
Eyrb	58;613	áköfustu en þeir Óspakur vörðust <b>alldrengilega</b> . Varð þeim þó handfátt og urðu þeir
JökBú	2;1463	þeir báðir að Eitli en hann varðist <b>alldrengilega</b> . Þar kom um síðir að þeir gátu drepið
Grett	82;1079	sóttu að fast en Illugi varði þá báða <b>alldrengilega</b> . En Grettir var með öllu óvígur bæði

Það má auðvitað halda því fram að þetta samræmist vel skilgreiningu orðsins *alldjarflega*, en samt sem áður mætti búast við því að þetta atviksorð kæmi einnig fyrir með ýmsum öðrum sögnum. Ég sé ekki heldur neitt í skilgreiningu orðsins *alldrengilega* sem skýri hina takmörkuðu dreifingu þess. En þá má spyrja: Er hægt að finna einhverja merkingarlega skýringu á þessari dreifingu? Er hugsanlegt að merkingarskilgreining Fritznars sé ekki nógu nákvæm, og merking *alldrengilega* t.d. hæfi aðeins sögninni *verjast* en engri annarri? Ég skal ekkert um það fullyrða; en hitt finnst mér ljóst að þessi dreifing sé ekki tilviljun, og hennar beri að geta í orðabók.

Lýsingarorðin *gullrekinn* og *silfurrekinn* í (5) og (6) eru sérlega áhugaverð. Skv. Fritznar þýða þau 'indlagt med guld' og 'indlagt med sølv'. Maður gæti kannski búist við því að ýmsir gripir gætu verið gullreknir eða silfurreknir. Það kemur hins vegar í ljós að það eru nær eingöngu axir sem eru silfurreknar, og í langflestum dæmum um *gullrekinn* er um spjót að ræða, þótt fáeinar axir fljóti með. Aðeins er nefnt eitt *gullrekið* sverð, enda þótt sverð hafi væntanlega verið algengasta vopnið á söguöld; a.m.k. eru langflest dæmin um það í sögunum.

(5) **gullrekinn lo;** gullrekið (11); gullrekin (1); gullrekinn (3); gullrekna (6); gullreknu (2)

Njála	86;222	gaf jarl Kára sverð gott og spjót <b>gullrekið</b> en Helga gullhring og skikkju en Grími
Laxd	37;1587	grám feldi og hafði í hendi bryntröll <b>gullrekið</b> er Haraldur konungur gaf
Njála	84;220	og fagurt. Sjá maður hafði spjót <b>gullrekið</b> í hendi. Hann spurði: "Hverjir
Þórð	8;2030	um jólin. Hann hafði gefið Þórði spjót <b>gullrekið</b> og heitið honum sínu liði hvar sem
Njála	68;203	Starkaðarson nafna sínum spjót <b>gullrekið</b> og reið heim síðan. Gerðu þeir með sér
Laxd	21;1565	Ólafi til skips og gaf honum spjót <b>gullrekið</b> og sverð búið og mikið fé annað. Ólafur
Gullþ	8;1127	veitir þá snarpa atgöngu. Hann hafði <b>gullrekið</b> spjót í hendi. Hann hleypur í flokk
Eyrb	13;545	Hann hafði búið sverð og <b>gullrekið</b> spjót, myrkblán skjöld og mjög gylltan,
HallM	4;1198	þeir settu úti spjót sín. Grís átti <b>gullrekið</b> spjót. Nú sátu þeir að málu og
HallÓ	2;1226	en settu úti spjót sín. Grís átti <b>gullrekið</b> spjót. Þeir tóku tal sitt og flutti Már
VaLjó	8;1839	þá varðveitti hann spjótið. Það var <b>gullrekið</b> . Þeir spurðu hvaðan honum kæmi það
Laxd	21;1563	Hann var gyrður sverði og voru <b>gullrekin</b> hjöltin. Hann hafði krókaspjót í hendi
Flóam	9;733	sverði og hafði spjót mikið í hendi og <b>gullrekinn</b> á falurinn. Þeir feðgar höfðu
Laxd	44;1604	helgi. Hann hafði í hendi spjót og <b>gullrekinn</b> falurinn á. Allir menn hans voru í
Egla	84;509	í hendi krókaspjót, var þar <b>gullrekinn</b> falurinn. Hann var sverði gyrður. Þar
ÞorSH	1;2061	og drengilega og þigg af mér eina öxi <b>gullrekna</b> . Hana sómir þér að bera."
VígGl	8;1917	Hann tók þá feldinn blá og spjótið <b>gullrekna</b> í hönd sér, lét söðla hest sinn.
Laxd	24;1570	Ólafur tekur í hönd sér spjótið <b>gullrekna</b> , konungsnaut, gengur nú heiman og
Vatn	43;1897	jarli og hann gaf honum öxi <b>gullrekna</b> og góð klæði og kvaðst vera skyldu
VígGl	25;1943	Gissuri feldinn blá en Ásgrími spjótið <b>gullrekna</b> og skildust vinir. Um veturinn
Laxd	29;1575	En að skilnaði gaf jarl honum öxi <b>gullrekna</b> og var það hin mesta gersemi, skildust
VígGl	6;1913	í skautfeldi blám og lék sér að spjóti <b>gullreknu</b> , gekk síðan að honum og kvaddi hann en
Þorhv	7;2059	lék sveinninn Helgi Þorgilsson sér að <b>gullreknu</b> spjóti er Þorsteinn fagri hafði sett

(6) **silfurrekinn lo;** silfurrekin (1); silfurrekinn (1); silfurrekna (5)

Svarf	24;1817	kastað niður glófum og þar lá hjá öx <b>silfurrekin</b> . Karl tekur upp og leggur í kné sér
Grett	48;1027	í hendi og öngvir krókarnir á og var <b>silfurrekinn</b> falurinn á. Hann settist niður og drap
Gunnl	8;1178	vel ortur. Jarl gaf honum breiðöxi, <b>silfurrekna</b> alla þar er bæta þótti, að kvæðislaunum
Njála	138;299	herðum sér og gullhlað um höfuð og öxi <b>silfurrekna</b> í hendi. Bjarni mælti: "Hér ber

Njála 147;325 reið í blárrí kápu og hafði litla öxi **silfurrekna** í hendi. En er þeir komu í túnið þá  
Halló 4;1230 og gaf honum klæði góð og mikla öxi **silfurrekna** og bauð honum með sér að vera um  
HallM 5;1201 þakkaði honum og gaf honum exi mikla **silfurrekna** og góð klæði og bauð honum með sér

Það mætti auðvitað hugsa sér að spjót hefði verið virðulegast vopna til forna, og þess vegna hafi spjót verið gullrekin, en hvorki axir né sverð. En þá verður að hafa í huga að sögurnar voru ekki skráðar fyrr en þrjú eða fjögur hundruð árum eftir söguöld. Þess vegna er óvíst að sögurnar lýsi vopnunum eins og þau voru á söguöld; trúlegt er að lýsingarnar sýni fremur hvernig höfundarnir ímynduðu sér að þau hefðu verið. Það þýðir að fyrir höfundi á þrettánda eða fjórtánda öld var *gullrekinn* viðeigandi lýsingarorð fyrir spjót, og *silfurrekinn* viðeigandi lýsingarorð fyrir öxi. Þar með er þetta að mínu mati orðið staðreynd um tungumálið, en ekki — eða ekki eingöngu — staðreynd um þjóðfélagið. Sé það rétt, þá tel ég að upplýsingar um þetta eigi að vera með í orðfræðilegri lýsingu.

Annað athyglisvert dæmi um takmarkaða dreifingu orðs er að finna í tengingunni *uns*, sem merkir 'indtil at' skv. Fritznér. Þegar dæmin um hana eru skoðuð kemur í ljós að í meginhluta þeirra, 31 dæmi af 36, fer sögnin *koma* á eftir *uns* (sjá Eirík Rögnvaldsson 1995). Nú er *uns* tíðartenging, og erfitt að sjá nokkuð í merkingu hennar sem bendi til sterkari tengsla við *koma* en hverja aðra sögn. Til samanburðar má nefna að önnur tíðartenging formáls, *þar til*, tengist ekki neinni ákveðinni sögn á neinn sambærilegan hátt.

Ég get nefnt fáein mismunandi dæmi um orðastæður til viðbótar. Lýsingarorðið *síðbúinn* stendur í 11 af 12 dæmum með sögninni *verða*, og tekur oft með sér atviksorðið *heldur*. Nafnorðin *skartsmaður* og *skrautmenni* taka alltaf með sér lýsingarorðið *mikill*, annaðhvort frumstigi eða efsta stigi. Atviksorðið *stórilla* stendur nær alltaf annaðhvort með sögninni *líka* eða sögninni *una*. Ýmsar fleiri tegundir má finna, og mörg dæmi um hverja tegund.

## 4. Merkingarlýsing

Það er vel þekkt að hefðbundinni orðtöku hættir stundum til að gefa villandi mynd af merkingu og notkun einstakra orða. Orðabókarmenn hafa tilhneigingu til að taka upp dæmi sem eru á einhvern hátt óvenjuleg, að beygingu, setningafræðilegri stöðu eða merkingu; og því skipa slík dæmi stundum æðri sess í orðabókum en þeim ber. Þegar orðabókarlýsing er byggð á orðstöðulykli ætti að vera hægt að stýra framhjá þessari hættu, vegna þess að þar byggist lýsingin á öllum dæmum í textanum. Því ætti það að vera tryggt að algengasta merking og notkun fái heiðursess í lýsingunni.

Hér skiptir það meginmáli að sá sem skrifar hina endanlegu orðabókarlýsingu hefur aðgang að öllum stigum efniviðarins. Þegar orðabókarlýsing er samin á grundvelli seðla sem safnað hefur verið með hefðbundinni orðtöku er höfundurinn algerlega háður dæmunum. Vissulega hefur hann möguleika á að fletta dæmunum upp í heimildinni, en í raun og veru er slíkt auðvitað ókleift nema í undantekningartilvikum. Þess vegna veit orðabókarmaðurinn ekki hversu dæmigerð gögn hans eru.

Um tveir þriðju hlutar orðaforða *Íslendinga sagna* eru eindæmi. Það breytir væntanlega litlu fyrir lýsingu eindæmanna, og orða sem aðeins eru örfá dæmi um, hvort lýsingin er byggð á hefðbundinni orðtöku eða textasafni. Þetta getur aftur á móti skipt máli í algengari orðum. Þá eru væntanlega ekki til seðlar með öllum dæmum, þannig að sá sem hefur aðgang að textabanka hefur mun betri yfirsýn. Það getur haft áhrif á lýsinguna á tvennan hátt. Annars vegar getur hún orðið nákvæmari vegna þess að fleiri dæmi liggja að baki henni;

tekið er tillit til einkennis í merkingu eða setningarstöðu sem aðeins kemur fram í einu dæmi af mörgum, og e.t.v. eru engin dæmi um í seðlasafninu.

Hins vegar getur það haft áhrif á lýsinguna að alhæfingar verða óþarfar. Þegar lýsandinn hefur aðgang að öllum dæmum getur hann byggt lýsinguna á þeim eingöngu, en þarf ekki að taka tillit til annarra dæma sem hugsanlega kynnu að finnast. Þetta skiptir miklu máli, t.d. í því hvernig merkingarskýring er orðuð. Hugsum okkur t.d. lýsingarorð sem virðist vera almennrar merkingar. Á tiltækum seðlum eru að vísu aðeins dæmi um að það standi með einu eða tveimur nafnorðum, en lýsandinn þorir ekki að láta það koma fram í lýsingunni, vegna þess að hann veit ekki nema dæmi finnist um að orðið standi einnig með annars konar orðum. Þegar textasafnið er skoðað kemur hins vegar í ljós að svo er ekki, og þá er hægt að láta þessa takmörkun á merkingu orðsins koma fram í lýsingunni; verða hluta af henni. Hér má t.d. vísa á dæmin um *gullrekinn* og *silfurrekinn* sem áður voru nefnd; en einnig má skoða orðið *iður*.

(7) **iður** **hk ft**; iðrin (12); iðrunum (2); iðurin (1)

GísLS	36;896	til hans með spjótum svo að út falla <b>iðrin</b> en hann sveipar að sér iðrunum og
Fljót	17;706	hann af sér klæðum. Þá falla út <b>iðrin</b> . Hann sest þá niður og lét Þorkell þar
GísL	27;951	þeir særa hann á hol svo að út falla <b>iðrin</b> . Hann sveipar nú að sér iðrunum með
Laxd	49;1614	þó barist um hrið svo að úti lágu <b>iðrin</b> . Í þessi svipan hjó Kjartan fót af
LjósA	3;1729	einn. Hann var eigi að óákafari þó að <b>iðrin</b> lægju úti. Guðmundur hogaði undan og
LjósC	19;1688	einn. Hann var eigi að óákafari þó að <b>iðrin</b> lægju úti. Guðmundur hogaði undan og
LjósC	19;1688	við ef þú þorir því að nú liggja úti <b>iðrin</b> mín. Þar hefir þú jafngjarn á verið er
LjósA	3;1729	þú nú hingað Guðmundur. Úti liggja nú <b>iðrin</b> mín." Síðan drápu þeir hann.
Gullþ	15;1136	renndi ofan í kviðinn svo að út féllu <b>iðrin</b> og létust þeir þar báðir feðgar af
Grett	66;1057	alla bringspalina og kviðinn svo að <b>iðrin</b> steyptust úr honum ofan í ána og
Laxd	55;1621	hélt að sér kyrtlinum að eigi hlýpu út <b>iðrin</b> . Þá hljóp Steinþór Ólafsson að Bolla
Heið	30;1384	Þóroddi og fellur hann og liggja úti <b>iðrin</b> . Þorbjörn sér nú frændur sína, hirðir
GísL	27;951	falla iðrin. Hann sveipar nú að sér <b>iðrunum</b> með skyrtunni og bindur svo að sér með
GísLS	36;896	út falla iðrin en hann sveipar að sér <b>iðrunum</b> og skyrtunni og bindur að fyrir neðan
Svarf	5;1786	bringspölu og hljóp á hol svo út féllu <b>iðurin</b> . Sveipaði eg þá að mér klæðunum og svo

Í nær öllum þessum dæmum er talað um að *iðrin liggja úti* eða *iðrin falli út*. Það má velta því fyrir sér hvort þetta sé e.t.v. þáttur í merkingu orðsins. Það er alls ekki fræðilega útilokað að orðið *iður* hafi aðeins verið notað í þessu samhengi, og annað orð hafi verið notað ef innnyflin voru á sínum stað. Á hinn bóginn verður auðvitað að líta til þess að Íslendinga sögur fjalla að verulegu leyti um hvers kyns átök manna og ætta, og þau átök leiða ærið oft til þess að menn eru særðir eða drepnir. Því er einnig vel líklegt að merking orðsins *iður* hafi alls ekki verið takmörkuð á þann hátt sem dæmin gætu bent til; ástæðan fyrir þessari dreifingu gæti einfaldlega verið sú að orðsins var ekki þörf í öðru samhengi.

Hér má einnig líta á orðið *kálfi*, sem sömuleiðis er aðeins notað í sárafarslýsingum. Hér eru aðstæður nokkuð aðrar en í orðinu *iður*. Kálfinn er auðvitað á sínum stað þótt hann sé særður, og það er allósennilegt að til hafi verið sérstakt orð yfir særðan kálfa - enda kæmi það ekki heim við nútímamál. Þegar litið er á önnur orð af sama merkingarsviði, s.s. *hryggur*, *hol* o.fl., kemur í ljós að um gildir svipað; þau koma nær eingöngu fyrir í sárafarslýsingum. Því er varla nokkur ástæða til að ætla að orðið *iður* hafi eingöngu verið notað um innnyfli sem ekki voru á sínum stað; a.m.k. leyfir textinn okkur ekki að halda því fram.

## 5. Merking eða málnotkun?

Næst getum við litið á tvö orð um fatnað; *hattur* og *brók*. Skilgreiningar Fritzners, ásamt öllum dæmum um þessi orð í *Íslendinga sögum*, eru sýndar í (9) og (10):

- (8) *hattr*, m Hat, Hætte, = *höttr*, som det synes brugt om alle Slags Hovedbedækning, saavel særskilt, som forbunden med eller tilhørende den Overklædning, som en Person er iført.

**hattur kk**; hatt (11)

GíslS	28;886	búð þeirra. Þorkell hafði gerskan <b>hatt</b> á höfði og feld grán og gulldálk um
Grett	54;1037	og á töskur. Þessi maður hafði síðan <b>hatt</b> á höfði og sá óglögg í andlit honum.
Laxd	12;1546	og hafði gerskan <b>hatt</b> á höfði. Höskuldur spurði þann mann að
Laxd	69;1640	og bringubreiður. Sá maður hafði <b>hatt</b> á höfði. Þorkell spurði hver hann væri
GíslL	25;940	með þeim allvingott. Þorkell hafði <b>hatt</b> gerskan á höfði og grán feld yfir sér
Njála	31;159	og skarband, og gullhnútar á, og <b>hatt</b> gerskan. Gunnar fór norður til
LjósA	1;1718	og hlynnu fyrir honum. Hann sendi út <b>hatt</b> gerskan og taparöxi þeim Guðmundi og
LjósC	2;1656	Jarl kvaðst fyrr mundu senda gerskan <b>hatt</b> Guðmundi hinum ríka en Þorgeiri
Fóstb	20;818	út á skipsbryggjuna. Sá hefir síðan <b>hatt</b> , mikill maður vexti, herðibreiður og
Egla	60;455	hann þegar í borgina. Hann hafði síðan <b>hatt</b> yfir hjálmi og alvæpni hafði hann.
Njála	22;149	Hvítá vestur þá skalt þú láta slota <b>hatt</b> þinn mjög. Þá mun eftir spurt hver sá

- (9) *brók*, f. (G. *brókar*, N.Pl. *brækr*) Brog, Bure, Klædningsstykke som skjuler Legemet fra Beltestedet over Laarene og nedover Knæet, og bestaar af to Halvdele, der tilsammen betegnes ved Plur. *brækr*, medens derimod hver Halvdel betegnes ved Sing. *brók*, som dog ofte anvendes enstydigt med *brækr*.

**brók kv**; brók (1); brókin (1); brókina (1); brókinni (1); brókum (11); brækur (12); brækurnar (2)

Hávís	2;1301	að Ólafur færi í fleiri klæði en eina <b>brók</b> og skyrtu gyrða í brækur. Aldrei fór
Eyrb	45;598	og togaði af öllu afli og gekk eigi af <b>brókin</b> . Þá gekk til Snorri goði og
Eyrb	45;598	og hafði níst allt samt, fótinn og <b>brókina</b> . Mælti Snorri þá að hann væri eigi
Eyrb	45;598	af honum. Og er hann skyldi kippa <b>brókinni</b> fékk hann eigi af honum komið.
Njála	123;272	til sín slæðurnar en kastaði <b>brókum</b> blám til Flosa og kvað hann
Laxd	35;1583	hvað konu varðaði ef hún væri í <b>brókum</b> jafnan svo sem karlar. Guðrún
Fljót	16;704	sína og kemst í en áður í <b>brókum</b> leistalausum. Voru ilbönd undir neðan.
Laxd	63;1632	Hann var í blám kyrtli og í svörtum <b>brókum</b> og gyrður í brækur. Sá maður var
BjHít	27;110	næturbjörg þeirra að sumir komust úr <b>brókum</b> og héngu þær um nóttina á þili frernar
Laxd	35;1583	Þórður að Auður kona þín er jafnan í <b>brókum</b> og setgeiri í en vafið spjörum mjög í
Njála	120;267	hann var í blám kyrtli og í bláendum <b>brókum</b> og uppháva svarta skúa á fótum. Hann
Fljót	18;710	og ekki í hendi. Og er hann bregður <b>brókum</b> sínum þá heyrir hann mannamál suður á
Laxd	35;1584	Auður á bak og var hún þá að vísu í <b>brókum</b> . Smalásveinn reið öðrum hesti og gat
Fljót	13;698	höfðu um daginn. Þeir voru í stakki og <b>brókum</b> . Þá mælti Helgi við Grím bróður
Hávís	2;1303	Ólafur lagðist niður í skyrtu og <b>brókum</b> því að hann hafði aldrei fleiri klæði.
Fljót	11;691	voru í söluvaðmálskuflum mórendum, þar <b>brækur</b> að neðan. Feldi höfðu þeir til
Hávís	2;1301	klæði en eina brók og skyrtu gyrða í <b>brækur</b> . Aldrei fór hann svo af bæ á brott að
Grett	75;1068	og hafði söluvoðarkufl og gyrður í <b>brækur</b> . Hann lét fitja saman fingurna. Veður
Finnb	4;627	og hettu. Hana gyrti hann í <b>brækur</b> niður. Krækil hafði hann í hendi og
LjósA	6;1733	Vaðla og var Þórhildur úti og gyrð í <b>brækur</b> og hafði hjálm á höfði og öx í hendi.
LjósC	21;1691	Vaðla og var Þórhildur úti og gyrð í <b>brækur</b> og hafði hjálm á höfði og öx í hendi.
VaLjó	4;1833	rás mikilli. Halli var gyrður í <b>brækur</b> og hafði skikkju yfir sér. Hann kastaði
Gullþ	9;1128	vararvoðarstakki og hafði hvítar <b>brækur</b> og vafið að neðan spjörum. Því var
Fljót	26;726	voru svo klæddir að þeir voru gyrðir í <b>brækur</b> og voru yfir utan í vararfeldum og
Laxd	63;1632	og í svörtum brókum og gyrður í <b>brækur</b> . Sá maður var réttleitur og hvítur á
Vopnf	2;1988	mikinn og þunnan og lét annan enda í <b>brækur</b> sínar en annan fyrir brjóst. Hann hafði
Hávís	11;1318	öxi. Sá var í blám stakki og gyrður í <b>brækur</b> . Þeir snúa í mót honum og er þeir
Fóstb	23;828	Falgeirs. Rak Þormóður þá ofan um hann <b>brækurnar</b> . Falgeiri daprast þá sundið. Fer hann
Grett	72;1067	aftur yfir bak Þórði og tók svo í <b>brækurnar</b> og kippti upp fótunum og kastaði honum

Í öllum dæmunum eru það karlmenn sem bera hatt, en þess getur Fritzner ekki. Hann nefnir ekki heldur hvort karlar eða konur, eða bæði kynin, klæðist *brókum*. Dæmin sýna hins vegar að það eru karlar - með tveimur undantekningum þó. Í öðru tilvikinu er þar um að ræða Bróka-Auði í *Laxdælu*, sem greinilega er brugðið um samkynhneigð í sögunni. Hin konan sem klæðist brókum er Þórhildur í Ljósvetningasögu, sem hagar sér ókvenlega að öðru leyti eins og fram kemur í textanum; hefur "hjálma á höfði og öx í hendi". Nú má spyrja hvort þetta eigi að skila sér inn í orðabókarlýsingu. Er það mikilvægur merkingarþáttur að það eru einkum eða eingöngu karlar sem nota *brækur* og *hatta*? Um það geta sjálfsagt orðið skiptar skoðanir; en til samanburðar má nefna að í *Orðabók Menningarsjóðs* (1983) er orðið *kjóll* skýrt eins og sýnt er í (10):

(10) *kjóll*, -s, -ar K 1 kvenflík ...

Lítum nú á orðin *hvíld* og *sjatna*. Skilgreiningar Fritzners og dæmin úr orðstöðulyklinum eru í (11) og (12):

(11) *hvíld*, f. Hvile, Ro i Modsætning til Arbeide og Anstrengelse ...

**hvíld kv**; hvíld (12); hvíldar (5); hvíldir (1)

GíslS 35;896 en þeir sárir og móðir. Verður nú **hvíld** á aðsókninni. Þá eggjar Eyjólfur menn  
 Reykd 13;1750 og riðu snemma aftans heiman, taka **hvíld** á Fljótshéiði gagnvert Öndólfssstöðum og  
 Vopnf 18;2004 skammt til túngarðsins þá tóku þeir **hvíld**. Bjarni mælti: "Eigi mun eg  
 Njála 145;319 dauður til jarðar. Þá varð **hvíld** nokkur á um bardagann. Snorri goði kom  
 Vatn 7;1851 hans menn voru. Og er kveldaði varð á **hvíld** nokkur bardaganum. Ingimundur  
 Heið 31;1386 og er óvígur. Nú verður á **hvíld** nokkur og binda menn sár sín. Nú er sén  
 Heið 31;1385 og hann fellur. Nú er á **hvíld** nokkur og nú er sén reið manna sex. Þar  
 Fóstb 24;833 hjá skipinu og kemst á kjöl, tekur þar **hvíld** og litast um og hyggur að ef hann sjái  
 Flóam 13;737 Þorgils ofan á hann. Tekur hann þar þá **hvíld** og nær síðan öxi sinni. Höggur Þorgils  
 Njála 77;212 og fór svo fram um hríð. Þeir tóku **hvíld** og sóttu að í annað sinn. Gunnar skaut  
 Njála 30;157 báðir um daginn. Kolskeggur tók **hvíld** um daginn á skipi Gunnars og sér Gunnar  
 Reykd 12;1749 eigi nýtt um það. Og í einhverri **hvíld** þá er menn varði minnst þá lýstur  
 GunKe 5;1151 og verraði, en flestum þótti mál **hvíldar** af löngu sjóvolki. Og var það af ráðið  
 FóstF 1;845 heita þér að þú komir til nokkurar **hvíldar** eftir sjöund þína og munt þú eigi mega  
 Egla 65;469 hin fyrsta hríð. Þá beiddist Ljótur **hvíldar**. Egill lét það og vera. Nema þeir þá  
 GunKV 16;1164 svo að hann mæddist og beiddist **hvíldar** um stund og það veitti Gunnar honum.  
 GunKe 9;1158 að hann var maður yngri og beiddi Örn **hvíldar**. Þeir hvíldust og studdust fram á vopn  
 Fóstb 24;837 sker þau er á leiðinni voru og tók þar **hvíldir**. Og er skammt var til meginlands þá

(12) *sjatna*, v. (að) 1) synke sammen ... 2) fordøies ... 3) lægge sig, falde bort, ophøre ... om *úfriðr*, *úpokki* ...

**sjatna so**; *sjatna* (7)

Heið 37;1392 vitrum mönnum þá líklegast til að **sjatna** mundi þeirra ofsi, svo mikill sem var,  
 Heið 36;1391 er vænst er að best megi haldast og **sjatna** mætti ófriðurinn." Þá  
 LjósA 1;1717 Ófeigur mælti: "Illa mun **sjatna** ofsi þeirra bræðra en koma mun eg hér  
 LjósC 1;1655 Ófeigur mælti: "Illa mun **sjatna** ofsi þeirra bræðra en koma mun eg hér  
 Heið 37;1392 á fébætur. Væntu þeir að heldur mundi **sjatna** ófriðurinn og þótti sér það eigi minni  
 Njála 92;234 allir vita að eigi mundi svo gert **sjatna**. Runólfur son Úlfs aurgóða austur  
 Flóam 32;762 bað hann utan fara "og megi þá **sjatna** þessi ópokki er í millum ykkar er."

Þegar dæmin um *hvíld* eru grandskoðuð sést að í þeim nær öllum er um að ræða hlé á bardaga. Grunnmerking orðsins virðist því vera 'vopnahlé', en það kemur ekki fram hjá Fritzner. Nokkurn veginn sömu aðstæður koma fram í orðinu *sjatna*. Það orð er alltaf notað um lok ófriðar eða bardaga. Hér bregður hins vegar svo við að þessa er getið í orðabók Fritzners. Því má spyrja hvort einhver skýring sé á þessum mun. Er hægt að segja að í *sjatna*

sé um merkingarþátt að ræða, en í *hvíld* sé um að ræða málnotkun? Ég veit það ekki; en þetta eru góð dæmi um vandamál sem orðabókarhöfundur verður að taka afstöðu til.

## 6. Aukamerkingar

Dæmin hér að framan sýna glögg að oft er óljóst hvort tiltekin einkenni sem finna má í umhverfi orða bera vitni um merkingu þeirra, eða hvort þau sýna eitthvað annað, t.d. skoðanir textahöfunda eða viðhorf samfélagsins á ritunartíma textanna. Í (13) og (14) má sjá skilgreiningar Fritznern á lýsingarorðunum *skapstór* og *skapþungur*, og dæmin um þessi orð.

- (13) *skapstórr*, adj. = skapmikill ...  
*skapmikill*, adj. af Sindsbeskaffenhed ikke som Folk i Alm., men saadan, at man hæver sig over dem baade ved de Indtryk, som en modtager af sine Oplevelser, og ved de Foretagender, hvorpaa man indlader sig ...

**skapstór lo**; skapstór (13); skapstórir (2); skapstærri (1)

Njála	97;240	bónorðið. Hún kvaðst vera kona <b>skapstór</b> "og veit eg eigi hversu mér er hent við
Eyrb	28;568	og sköruleg, ofláti mikill og heldur <b>skapstór</b> . En er Styr fann tal þeirra þá
Egla	79;489	kona og kvenna mest, vitur og heldur <b>skapstór</b> en hversdaglega kyrrlát. Egill kunni
Fljót	6;684	vel en við aðra menn var hún heldur <b>skapstór</b> en þess í milli fálát og steigurlát en
Njála	9;136	hent," sagði Ósvífur, "hún er kona <b>skapstór</b> en þú ert harðlyndur og óvæginn."
HarðV	1;1296	Hún var ekkja. Hún var skörungur og <b>skapstór</b> . Grímur hét son hennar er þar óx upp
Þórð	1;2008	kvenna vænust og ofláti mikill og <b>skapstór</b> . Hún var allra kvenna högust þeirra er
Laxd	9;1543	að sér og mart vel kunnandi og heldur <b>skapstór</b> jafnan. Vel var um samfarar þeirra
Harð	2;1254	Hún var skörungur mikill, skjótorð og <b>skapstór</b> og harðúðig í öllu. Þar óx upp
Fljót	10;688	gefa, svo var hún örlát. Hún var <b>skapstór</b> og skörungur mikill, skafinn drengur
Laxd	31;1577	miklu fé. Þuríður var vitur kona og <b>skapstór</b> og skörungur mikill. Hallur hét son
Eirík	3;521	bera þessi mál upp því að Þorbjörn er <b>skapstór</b> og þó metnaðarmaður mikill."
Eyrb	18;550	þeirra, drengileg kona og heldur <b>skapstór</b> . Styr var héraðríkur og hafði fjölmennt
Eyrb	25;563	Hygg eg að þeir verði þér stírðir og <b>skapstórir</b> þegar er þér kaupist við. Hygg eg það
Laxd	35;1583	við fleiri manna ráð því að menn eru <b>skapstórir</b> þeir er sér mun þykja misboðið í þessu?
Laxd	65;1636	tjá mundu "því að Þorgils er miklu <b>skapstærri</b> maður en hann muni hér að smáhlutum

- (14) *skapþungur*, adj. modsat *skapléttr*; *e-m er skapþungt*: en er ilde tilmode, i slet Humør.

**skapþungur lo**; skapþungt (9)

Njála	116;261	augum sér og grét. Flosi mælti: " <b>Skapþungt</b> er þér nú frændkona er þú grætur en þó
HallM	10;1214	kemur Grís til seljanna. Kolfinnu var <b>skapþungt</b> . Grís sá það. Hann kvað
Fóstb	8;791	reiddist hann við er honum var áður <b>skapþungt</b> . Hann ríður þá yfir ána að Torfa og
Vopnf	13;1998	hví hún gréti eða hví henni væri svo <b>skapþungt</b> . Hún kvaðst gráta drauma sína.
Njála	6;132	Hann fagnaði henni vel en henni var <b>skapþungt</b> nokkuð. Og er hann fann það mælti
Fljót	20;719	Snýr hún nú til rekkju sinnar og er <b>skapþungt</b> sem von var til. Sofa menn af nóttina.
HallÓ	11;1247	Hallfreður þá í brottu. Kolfinnu var <b>skapþungt</b> . Það sá Grís og kvað:
Njála	11;138	frá Hallgerði að hún sat úti og var <b>skapþungt</b> . Þjóstólfur gekk að og sá að hún
Njála	10;136	honum hvað ætlað var og var henni <b>skapþungt</b> . Þjóstólfur mælti: "Ger þú þér

Það er athyglisvert að bæði orðin eru nær eingöngu notuð í kvenlýsingum. Nú er rétt að hafa í huga að Íslendinga sögur eru karlabókmenntir, eins og alkunna er, svo að þessi dreifing er ekki í samræmi við það sem búast mætti við. En þá má spyrja hvernig beri að túlka hana. Er hér um að ræða merkingarþátt orðanna; eða sýnir þetta hugmyndir höfunda sagnanna um konur?

Síðasta orðið sem ég skoða er *laug*, sem Fritznern skilgreinir m.a. á eftirfarandi hátt:

(15) *laug*, f. ... 2) varm Kilde som har dannet et Bækken, Basin skikket til Badning ...

**laug kv;** laug (8); lauga (1); laugar (17); laugarinnar (1); laugina (4); lauginni (3); laugu (2); laugunni (1)

Grett 50;1031 dag nokkuð eftir jóla að Grettir fór í **laug** einn saman. Þorgeir vissi það og  
Svarf 28;1824 hafði borist. Karl lætur gera henni **laug** og fá henni góð klæði. Þá gekk Karl  
Kjaln 9;1447 heim til Kollafjarðar og var Ólöf við **laug** og heilsaði Búa. Hann tók  
Svarf 28;1823 hana til skips og lét gera henni **laug** og klæddi hana góðum klæðum og gerði  
BandM 7;11 Og um vorið hittast þeir feðgar við **laug** og spyr Ófeigur tíðinda. Oddur lést  
Kjaln 9;1447 hjá þér." Hún gerði honum þá **laug** og strauk hvert bein á honum. Síðan  
Fljót 17;707 hádegisskeið. Þá hafði Kórekur búið **laug**. Tekur hann nú og fægir sár Gunnsteins  
Grett 75;1068 gekk til bæjar að Reykjum og fór í **laug** því honum var orðið nokkuð  
BjHít 9;86 ger kerlaug því að eigi er annarra **lauga** kostur í Noregi. Konungur og hans menn  
Þórð 5;2020 Það var einn dag að Ormur gekk til **laugar** að Sigríður frá Ósi var þar fyrir og  
Þórð 3;2015 mikill. Hann gekk jafnan til **laugar** að skemmta sér. Og einn dag gengu  
Þórð 3;2015 Og einn dag gengu þeir Skeggi til **laugar** eftir vanda og lágu við laugina og  
VígGl 11;1921 En Þorgrímur Þórisson fór þann dag til **laugar** er þeirra var utan von með maltið og  
VígGl 19;1932 ríða með sér og kveðst mundu ríða til **laugar**. Hann stefnir suður úr garði um  
Þórð 3;2015 Þenna dag gekk Sigríður frá Ósi til **laugar** með léreft sín og bjóst í þann tíma  
Egla 88;516 það þá taka sér hest "vil eg fara til **laugar**." Og er Egill var búinn gekk  
Laxd 33;1579 og dvelst þar um hríð. Guðrún kom til **laugar** og fagnar vel Gesti frænda sínum.  
BandK 7;35 misserin. Nú ríður Oddur oft til **laugar** og hittir föður sinn og batnar  
Njála 116;261 Síðan voru borð tekin en Flosi tók **laugar** og lið hans. Flosi hugði að  
Þórð 12;2039 sama dag hafði Ásbjörn gengið til **laugar** og sex menn með honum. Nú er að  
LjósA 2;1726 En um morguninn ríðu þeir til **laugar** og töluðu mart.  
LjósA 2;1726 vildara að ríða með mér um daga til **laugar** og vinna ekki?" Hann kvað sér  
Egla 88;517 kastað í fé sínu. Fyrir sunnan ána eru **laugar** og þar skammt frá jarðholur stórar og  
LjósC 18;1685 þykir þér nokkuð hægra að ríða til **laugar** um daga?" Hann kvað það víst enn  
Kjaln 18;1458 Búi gengu þá austur undir fjallið til **laugar**. Þar voru vellir fagrir. Síðan  
Vatn 44;1898 í anddyri. Þá var Glæðir þar og tók **laugar**. Þá gengu menn hjá honum með  
LjósA 2;1727 ríður Þorsteinn með Guðmundi oft til **laugarinnar**. Og fannst mönnum mjög orð um það og  
BjHít 9;86 sín á völlinn en tjaldað var yfir **laugina**. En það var mönnum þá títt að hafa  
Kjaln 16;1457 kveðst mundu eiga þar dvöl nokkura við **laugina** og binda sár sín. Var nú svo gert.  
BjHít 9;86 Noregi. Konungur og hans menn fóru í **laugina** og lögðu menn klæði sín á völlinn en  
Þórð 3;2015 til laugar eftir vanda og lágu við **laugina** og töluðust með. Þenna dag gekk  
Grett 50;1031 ef eg ræð á hann þá er hann fer frá **lauginni**." "Ekki er mér um það," sagði  
Grett 50;1031 öxina. Grettir gekk þá neðan frá **lauginni** og er þeir fundust mælti Þorgeir: "Er  
Grett 75;1069 nokkuð kalt. Bakaðist hann lengi í **lauginni** um nóttina og fór síðan í stofu. Þar  
Þórð 12;2040 Reykja. Í þann tíma gekk Ásbjörn frá **laugu** og sá mannareidina. Ásbjörn mælti  
Laxd 39;1592 Jafnan bar svo til að Guðrún var að **laugu**. Þótti Kjartani gott að tala við  
Reyk 16;1757 og sjá þeir að menn ganga brott úr **laugunni** og kenna að þar var Steingrímur og

Við lestur Íslendinga sagna kemur í ljós að það er ekki aðeins til að baða sig sem menn ganga til laugar. Langoftast fara tveir eða fleiri saman, og *laugin* er oft mikilvægur fundarstaður, þar sem afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar. Að *ganga til laugar* felur því í sér mikilvæga hliðarmerkingu sem rétt væri að nefna í orðabókarlýsingu.

## 7. Lokaorð

Hér hefur verið varpað fram ýmsum spurningum, en fáum svarað. Það var heldur ekki tilgangurinn, heldur hitt að vekja athygli á þeim möguleikum sem hjálpartæki eins og orðstöðulykill gefur við mállýsingu. Sá sem hefur aðgang að endanlegu textasafni þess málstigs sem verið er að lýsa á kost á því að semja mjög nákvæma merkingarlýsingu einstakra orða, og þrengja merkingu margra orða frá því sem gert er í orðabókum sem samdar eru með hefðbundnum aðferðum. En þótt slík merkingarþrenging sé möguleg ef öll dæmi eru tiltæk er

ekki þar með sagt að hún sé alltaf eðlileg. Hún kann að vera blekking, og stafa af þeim takmörkunum sem eru á fjölbreytni textanna. Þá er það lýsandans að túlka dæmin. Í þeirri túlkun hlýtur hann m.a. að líta bæði á hliðstæður í fornmálinu sjálfu og einnig til nútímans.

Ef við höldum áfram með dæmi um lýsingarorð sem kemur aðeins fyrir með nafnorði af tiltekinni gerð, þá má spyrja: Eru önnur dæmi í textasafninu um lýsingarorð sem virðast lúta sams konar takmörkunum? Ef svo er, þá styrkir það auðvitað þá hugmynd að þetta sé ekki tilviljun, og eigi að koma fram í lýsingunni. Einnig má spyrja: Lýtur þetta lýsingarorð sömu takmörkunum í nútímamáli? Ef það gerir það, þá eru það auðvitað sterk rök fyrir því að svo hafi einnig verið í fornu máli, en vissulega engin sönnun. Sé engar slíkar takmarkanir að finna á notkun orðsins í nútímamáli vandast málið; þá getur verið erfitt að skera úr því hvort takmörkunin í fornu máli sé tilviljun, eða hvort merkingarbreyting hafi orðið á orðinu.

Parna er oft erfitt að rata rétta leið. Strangt tekið má auðvitað segja að ef tiltekið lýsingarorð kemur eingöngu fyrir með nafnorðum ákveðinnar merkingar í fornum textum þá sé okkur ekki leyfilegt að fullyrða neitt meira en það. Hins vegar má auðvitað spyrja hvernig eigi að setja þær upplýsingar fram. Hægt er að hugsa sér að merkingarskýringin sé almennari, en dæmin sýni hins vegar notkunina, og notandanum sé svo látið eftir að draga sínar ályktanir af þeim. Einnig er hægt að hugsa sér að í lýsingunni sé bent á ákveðnar takmarkanir sem eru á dreifingu orðsins, án þess að nokkuð sé fullyrt um almennar ályktanir sem af því megi draga.

En hér verður einnig að hafa í huga hlutverk lýsingarinnar. Það er auðvitað sá grundvallarmunur á fornmálslýsingu og venjulegri nútímamálslýsingu að sú fyrnefnda er lýsing á ákveðnum textum, og ætluð til að notendur átti sig betur á þeim. Þess vegna má e.t.v. segja að eðlilegt sé að ganga eins langt og hægt er í lýsingu fornmálsins; við þurfum ekkert að taka tillit til annars en þess texta sem við erum að vinna með. Ef eitthvert orð kemur t.d. aðeins fyrir sem frumlag, þá skuli það koma fram í lýsingunni, enda þótt engin ástæða sé til annars en ætla að það hafi líka getað komið fram sem andlag og í ýmsum öðrum stöðum. Slíkt skiptir þá einfaldlega engu máli; tilgangur lýsingarinnar er sá einn að vera lykill að textunum, en ekki að tungumálinu í heild.

## Ritaskrá

- Bergljót Kristjánsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Ingólfsdóttir og Örnólfur Thorsson. (ritstj.) 1996. *Íslendinga sögur. Orðstöðulykill og texti*. Mál og menning, Reykjavík.
- Clear, Jeremy. 1987. Computing. John Sinclair (ritstj.): *Looking Up*. An account of the COBUILD Project in lexical computing, bls. 41-61. Collins, London.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Orðstöðulykill Íslendinga sagna. *Skáldskaparmál* 1:54-61.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1993. Collocations and the Minimalist Framework. *Lambda* 18:107-118.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. A Concordance to Old Icelandic Texts and its Lexicographic value. *Nordiske studier i leksikografi* 3:123-135.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. Brugen af et gammelislandsk tekstkorpus i leksikografisk arbejde. *LexicoNordica* 3:19-34.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Nytt uforandret optrykk af 2. udgave (1883-1896) med et bind tillegg og rettelser redigert av Didrik Arup Seip og Trygve Knudsen. Tryggve Juul Møller forlag, Oslo.
- Guðrún Ingólfsdóttir. 1995. A Dictionary of the Icelandic Family Sagas and Semantic Classification. *Nordiske studier i leksikografi* 3:167-174.

- Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Orðabók Menningarsjóðs (1983) = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri Árni Böðvarsson. 2. útg. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Sigfús Blöndal. 1920-24. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Sinclair, John. 1987. Grammar in the Dictionary. John Sinclair (ritstj.): *Looking Up*. An account of the COBUILD Project in lexical computing, bls. 104-115. Collins, London.
- Örnólfur Thorsson. 1993. Orð af orði. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum. Háskóla Íslands, Reykjavík.